

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Búrfell I, svæði 1.

Breytingin varðar frístundasvæði í landi Búrfells I, svæði 1. Gerð er breyting á byggingarskilmálum innan svæðisins. Stærð sumarhúsa má vera allt að 180 fm. Samanlögð stærð aukahúss og frístundahúss má vera allt að 220 fm og er stærð aukahúss valfrjáls innan þess ramma. Nýtingarhlutfall lóða er að hámarki 0,03. Samþykkt í sveitarstjórn 18. september 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Miðborgir í landi Miðengis.

Breytingin tekur til frístundabyggðarinnar Miðborga í landi Miðengis. Í henni felst aukning á byggingarheimildum innan svæðisins og niðurfelling hámarksstærðar gestahúsa. Samþykkt í sveitarstjórn 18. september 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Syðri-Brú.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Syðri-Brú. Í breytingunni felst að innan deiliskipulagssvæðisins verði heimilt að stunda rekstur í formi útleiguhúsa í heild sinni en ekki til stakra herbergja. Heimildin myndi falla undir flokk II - frístundahús í skilgreiningu reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Samþykkt í sveitarstjórn 15. nóvember 2023.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. nóvember 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.